

Framhaldslíf.

Eftir dr. Helga Pjeturss.

I.

Lif eftir dauðann fór ekki að verða mjer áhugaefni fyr en mjer hafði skilist að það er viðfangsefni náttúrufræðinnar. Að afla þekkingar á lífinu eftir dauðann er að bæta við líffræði og heimsfræði. Undirstöðuatriði er þetta. Dauðinn er óhapp sem hlýst af því hvað lífið hjer á jörðu og öðrum slíkum stöðum, sem jeg hefi nefnt framlífsjarðir, er ófullkomil. Dauðinn er það sem ekki á að vera. Það er skaðlegur mis-skilningur að halda að dauðinn sje það sem er óumflýjanlegt og óafmáanlega rótfest í eðli tilverunnar. Lif vort á að vera óslitin broskabraut. Og fyrsta sporið til að þessu miklu máli verði komið í rjett horf, er að átta sig á því hvernig lífið sem lífað er, eftir að menn hafa orðið fyrir þessu slysi sem nefnt er dauði, er framhald af því lífi sem lífað var áður, en ekki eitthvað gersamlega annars eðlis, eins og væri efnislaust lif, utan við rúm og tíma („sine tempore et spatio“ Swedenborg).

Um ýmislegt er miðar að því að koma framlífsfræði meir í náttúrufræðihorfið hefi jeg þegar rit-að talsvert, mest á íslensku, en einnig nokkuð á ensku og þýsku. Undirktirnar hafa verið daufar, og þó að nokkur áhugi á þessu hafi verið farin að gera vart við sig á Englandi og komið fram í tímaritum, þá hefir það hjaðnað niður aftur, og sljóleikinn og hleypidómarnir mátt sín meir. Og hjer á landi mun sá skilningur ekki vera óalgengur, að í ritgerðum mínum þessa efnis, sje helst um hugarburð cinn og draumóra nekkurskonar að ræða, þó að hitt sje sannast að segja, að jeg byggi á viðtekri undirstöðu náms- og rannsókna. Og halda mun jeg áfram meðan jeg get, að leitast við að koma þessu máli eitthvað áleiðis. Jeg treysti krafti samleikans, og veit að þó að fyrirstaðan verði

honum ofurefli um stund, mun sá tímí koma að hann sigrar allar hindranir, til blessunar fyrir alt mannkyn. Og er hjer nú enn nokkur tilraun, til að opna augu manna fyrir því, hversu sannleikurinn, þó að næsta furðulegur sje, er í þessum efnum augljós.

II.

Síðan haust kóm út í London, hjá Hutchinson, bók um samband við framlíðna, sem heitir *Opening the Psychic Door*. Höfundurinn sem er náttúrufræðingur og embættismaður í Suður-Afríku og heitir F. W. FitzSimons, segir þar frá nálegra 30 ára reynslu sinni í þessum efnum. Því miður kemur höfundurinn ekki nægilega fram sem náttúrafræðingur í þessari bók sinni. Hin viðfræga bók Findlays, *On the Edge of the Etheric*, besír ber-sýnilega haft of mikil áhrif á hann; en sú bók er að vísu mjög mikils virði að því er snertir sannanir fyrir framhaldi lífsins, en að því er til skilnings kemur á lífinu eftir dauðann, er gildi hennar mjög lítið. En þrátt fyrir þau ó-heppilegu áhrif sem vanskilningur Findlays á eðli framlífsins hefir haft á FitzSimons, fáum vjer þó í bók hans ýmsan fróðleik sem getur orðið oss stórpýðingarmikil bjálp til skilnings á því efni. Og skal nú nokkuð af slíku sagt.

III.

Á bls. 224—25 segir höf. frá samtali við „anda“ sem hann nefnir Amos og kveður vera langt kominn á þroskabrant „from one of the very advanced spheres of Spirit life“.

Amos segir m. a.: „Vjer erum ekki einsog skuggar, óþreifanlegir og óverulegir; því fer fjarri að svo sje.“ Það er óheppilegt að nefna oss anda. The term Spirit is an unfortunate one to apply to us“.

„Vegna hvers Amos“, segir Fitz

Simons. Amos svarar: „Af því að það fer fólkis á yðar jörð til að halda að við sjeum ekki þjettir viðkomu og likamlegir; Because it conveys to the minds of people on your earth that we are not solid and substantial. En því fer mjög fjarri að svo sje ekki. Likaminn sem sálin býr í á þroskabraut sinni (eftir dauðann), heldur áfram að vera einsog yðar líkami, að því undanteknu, að hann verður aukandi og óaflátanlega fegri og fegri ásýndum. Hann glóir í tindrandi ljósi, og líkamsgeislán þessi verður ennþá dýrðlegri þegar lengra líður“.

IV.

Nú vil jeg biðja lesendur mína að verja nokkrum augnablikum til að gera sjer ljóst, hversu stórmerkilegt það er, að í bók eftir mann, sem þrátt fyrir það þó að hann sje dýrafræðingur, er gagn tekinn af trú á þetta „ether“-tal, sem kémst á svo hátt stig í bókum Findlays, skuli vera sagt frá mótmælum framlíðins gegn því að framlíðir sjeu kallaðir andar, og skorinorðri yfirlýsingu hans þess efnis, að framlíðir sjeu menn eins líkamlegir og þeir voru fyrir dauðann, líkamleikinn aðeins fullkomnari (þegar verið er á þroskabraut). Það er ekki auðvelt, ef menn ihuga málið rækilega, að komast hjá þeirri sannferingu, að upplýsingar þessar sjeu í raun og veru þaðan komnar sem gefið er í skyn, og rjettar. En af því leiðir óhjákvæmilega, að framlífinu er lífað í þessum líkamlega heimi, og þá vitanlega á einhverri jarðstjórn. Af öðru sem haft er eftir framlíðnum í bók þessari, má einnig marka að heimkynni þeirra er ekki á neinu andlegu eða „ether“ svíði, heldur á jarðstjórn. Á bls. 164 segir Annie, framlíðin frænka höfundarins: „You know our lives and surroundings are counterparts of those prevailing on earth“. Lif og umhverfi framlíðinna er gagnlikt því sem gerist á jörðinni. En í þrem bókum hefi jeg í svipuðu sambandi sjeð notað orðið replica, sem þýðir nokkurn veginn sama sem counterpart. —

Annie segir ennfremur: „In the sphere where I am, everything is much more pleasing and beautiful than on earth“. „Alt er á svíðinu þar sem jeg á heima miklu skemtilegra og fegra en á jördinni“. En að svíð þetta er jarðstjarna eða á jarðstjörnu, kemur greinilega í ljós í framhaldinu: „Blómin — segir Annie — eru ljómandi fógar og ilmur þeirra hinn ljúfasti; fuglarnir likjast blikandi gimsteinum

og eru fegri en svo að þeim verði lýst á tungumáli jardarinnar“. —

Dýrafraeðingurinn sem er ennþá ekki farinn að skilja að lífið eftir dauðann er líkamlegt líf í þessum heimi, engu síður en lífið fyrir dauðann, á búgt með að trúua þessu og segir: „Surely there are no birds where you are!“ (á jeg að trúua því að það sjan til fugla þar sem þú átt heima?) „Hvers vegna í ósköpunum ætti það ekki að

vera“, segir Annie, „hvað væru skógar vorir og garðar, tjarnir og stöðuvötn, án þessara unaðslegu lifandi gimsteina?“ En svo batir hún við: „Þó er mjer sagt, að á hinum háu svíðum (high spheres) sjeu engin dýr eins og vjer hekkjum þau“. Er það trúlegt mjög, dýrin hafa haldið áfram uppeftir að þroskabrant, og hætt að vera dýr.

Framh.

Framlífssfraeði

Eftir dr. Helga Pjeturss.

V.

Tíður gestur á miðifundum þeirra FitzSimons, er írskur læknir, dr. Morgan. Segir hann þeim fyrir munn miðilsins, hvað honum hafði orðið að bana, og reynist það við eftirgremslan rjett. Eru því líkur til að einnig sje rjett það sem hann segir af atburðum eftir dauða sinn. Hann hafði verið að koma fyr sjúkravitjun um nött, og reynir að klifrást yfir girðingu, en fellur þá svo óheppilega að járngaddur rekst í kviðinn og gengur á hol. Hann er fluttur í sjúkrahús og skurður gerður á honum. Eftir skurðinn vaknar hann eins og af værum svefni og í hvítu, ágætu rúmi. Einhver yrðir á hann og þegar hann lítur upp, sjer hann framan í brosandí andlitið á gömlum náms fjalaga og kærum vin, sem hann vissi að var dáinn. Fleiri, sem hann vissi að dánir voru, koma að rúminu hans. Til þess að sannfiera sjálfan sig um að hann sje ekki að dreyma sest hann upp, þreifar á líkama sínum og segir við vin sinn: „Hvað þýðir alt þetta, Mickey?“ „Veistu ekki gamli fjalagi, að þú ert dáinn,“ segir

hinn. „Þú hefir látið hinn líkamlega líkama og nú ertu með oss í lífi andanna“: „You have lost your physical body; now you are with us in spirit life“.

„En jeg vildi ekki trúua þessu, gat það ekki“ — segir læknirinn — „þetta var of líkamlegt og líkt því sem áður hafði verið: it was too real; jeg fann ekki að jeg væri neitt breyttur að því undanteknu, að jeg var gagntekinn af kæti, líkaminn ljettur og hugurinn fjörugri en áður. Jeg var vissulega laus við sársauka, en jeg þakkaði það því, að jeg hefði sofið lengi og væri kominn á bataveg“. Frændur, vinir og fólk, sem hann hafði stundað í veikindum, kemur og biður hann velkominn, en samt siekir við og við á hann sú hugsun, að þetta sje aðeins draumur og hann eigi eftir að vakna aftur í sárkvöldum líkama sínum. Og svo sem svarar sex vikum, segir hann hafi líðið áður hann var örðinn alveg viss um að hann hefði dáid.

Orðin um að læknirinn hafi látið sinn líkamlega líkama og lífi nú andalífi, hygg jeg sjan sögð fyrir áhrif frá fundarmönnum. —

En að öðru leyti hygg jeg að lýsing þessi sje rjett og kemur hún vel heim við fjölda margar aðrar súlikar lýsingar. Mikill munur væri það fyrir þá, sem missa sína, að vita að sannleikurinn er á þessa leið. Mjer kemur í hug maður, sem fanst dauður í bjarghring í hafinu fyrir norðan Ísland. Hann var af skipi sem farist hafði og bjarghringurinn hafði einungis orðið til að lengja örvarþingarbaráttu hans við dauðann. Vjer vitum, að þegar þessum ógurlega sjóhrakningi lauk, hefir hann fengið betri viðtökur en nokkurs staðar hefði getað orðið hjer á jörðu, eða rjettara sagt. Vjer teljum yfirgræfandi lískur til að svo hafi orðið. Hann vaknar í góðu rúmi, líkt og leknirinn, sem áður var sagt frá, og hann veit í fyrstu ekki að hann er hinum megin við dauðann. En engum er láandi, þó að þeir geti ekki látið sjer nægja að súlikt sje talið líklegt eða jafn vel víst, heldur vilji sjálfir fá samband við hinn framlíðna, eða a. m. k. við einhvern þarna, sem sjálfur hefir sjeð hann. Og þess konur samband þarf að verða algengt og getur orðið það. Samband við framlíðna, sem einnig er samband við íbúa stjarnanna, vísindalegt samband, verður eitt af því, sem mun gera framtíðina mjög frábrugðna því sem nútíðin er.

VI.

Skrítar hugmyndir um lífið eftir dauðann koma fram í spurningu einsog þessari (S. 149): „Léknir fólk deyr í stórhópum á degi hverjum, og svo hefir verið frá því mannkyn var til, hvernig má það verða að hin ýmsu andasvið (spirit places) offyllist ekki?“ Það væri þyðingarlaust að greina frá svarinu, það er út í hött og sjálfsagt eitthvað til muna aflagað. En mikil vanþekking er það á framlíðnum lífsins í alheimi og hringsrás, ef svo mætti að orði kveða, að láta sjer koma til hugar að þróngt geti orðið um það. Þvermál hins bekta heims er nú 320 miljónir ljósára og á því svæði er talið að muni vera um 2 miljónir af sólnasveipum, en í

hverjum súlikum sveip, þúsundir og jafnvel hundruð þúsundir miljóna af sólum. En verði umbótum þeim í stjörnuskoðun komið fram, sem próf. Ritchey ráðgerir, og ekki mundu kosta meir en fer til að smiða eitt herskip, þá mundu bætast við hinn þekta heim, hundruð miljónir sólnasveipa, og væri þó alveg óhætt að segja að þrátt fyrir það væri stjörnufræðingum jardarinnar enn þá ekki kunnugt nema um nágrennið. Svo að jafn vel þó að Sir James Jeans hefði rjett fyrir sjer í því, að einungis órfáar byggilegar jarðstjörnur væri í hverjum sólnasveip eða vetrarbraut, þá væru jarðirnar, sem gætu verið heimkynni lífsins samt óteljandi. En satt er það, að þeir sem vildu reyna til að skilja — það sem enginn vafí getur á leikið — að eigi einungis lífið fyrir dauðann á heima á jarðstjörnu, heldur einnig lífið eftir dauðann, geta ekki fundið mikinn stuðning í þessu efni í ritum jafnvel hinna frægustu stjörnufræðinga og heimspekinga nútímans. Hefi jeg minst á Jeans, sem nú ritar þær bækur um stjörnufræði, sem mest eru lesnar; en af heimspekingum mætti nefna hinn viðfræga Bertrand Russell. Hann segir svo, s. 126—7 í bók sinni (frá 1931), The Scientific Outlook, hin vísindalega útsýn (yifir tilveruna): „Það er engan veginn ómögulegt, að á þessu augnabliki sje hvergi í alheimi til neitt líf nema á jörðinni; en jafnvel þó að við tókum mjög riflega til og gerum ráð fyrir, að dreifðar um geiminn sjuu svo sem 100,000 aðrar jarðstjörnur, sem lifandi verur eru til á, þá verður samt að játa, að ekki kveður mikil að hinn lifandi efni, ef á að skoða það sem tilgang skópunarverksins.“

Hinn nafnunni eðlisfræðingur og spekingur, Sir Oliver Lodge minnist í samtali sem birt er í Light 10. nóv. á að þekkingin á andasviðunum — spirit regions — sje ófullkomin, og hann lætur sjer jafnvel detta í hug, að þau sjuu alls ekki í geimnum: „I don't know whether they are in space

at all“. En hann kveðst vona að hann geti þó, eftir dauðann, komið á fjarlægar stjörnur í rannsóknaskyni. Svo dauf er þessi von samt, að Sir Oliver kveðst ekki ætla, að hann muni eftir dauðann lífa við betri ástæður til að stunda náttúruvínsindi en nú. Sannfieringin um að við dauðann yfirgefi maðurinn efnisheimian, hefir bannað þessum mikla vitmanni allan verulegan skilning á því hvernig lífinn eftir dauðann er í raun rjetti háttad.

VII.

Jafnvel þeir, sem miðilti raunir stunda, virðast sjaldnast hafa eins mikinn hug og æskilegt væri, á því að fræðast um það hvernig lífinn eftir dauðann sje lífað, og mjer þótti því mjög vænt um að sjá FitzSimons hafa þessi orð eftir hinum framlíðna dr. Morgan: „Pegar þið ernð orðin sannfærð um að þið lífið eftir dauðann, þá riður mest á því, að öðlast alla þá vitneskjú sem ykkur er unt, um lífið hjerna fyrir handan. — Vinir mínir á jörðinni voru vanir að segja að það væri alveg nóg að fara að hugsa um það efni þegar yfir um væri komið. En súlikt er vissulega fásinna“ — (S. 158).

Það má sjá, jafnvel af þessari bók hins merka dýrafraeðings sem jeg hefir verið að vitna í, að menn gera sjer altof lítið far um að kryfja til mergjar og skilja þær upplýsingar sem framlíðnum hefir þó, þrátt fyrir allar hindranir, tekist að láta í tje um lífið eftir dauðann. Menn halda áfram að tala um heimkynni framlíðinna sem andaheim, þó að hinir svo nefndu andar mótmæli því harðlega að þeim sje gefið það nafn. Fróðlegt dæmi þessu til sönnunarinn finn jeg í bókinni Bear Witness, eftir a Kings Counsel, sem virðist hafa komið út 1925; (s. 73—4) segir þar framlíðinn berum orðum að hann fari frá einni jarðstjörnu til annarar, og að framlíðir eti, drekki og sofi. Hinn framlíðinn segir jafnvel: „Munið eftir að vor sál (sem framlíðir eru) á heima í holdlegum lískama (body

of flesh) eins og ykkar" (sem ennþá lifið á jörðinni). Jafnvel þessi svo afareftirtektarverðu orð virðast engin áhrif hafa haft, og þegar höfundurinn vitnar í þessi orð hins framliðna, þá tekur hann ekki upp orðið planet (jarðstjarna, er hinn framliðni hafði þó notað, eftir hans eigin sögn, heldur hefir orðið plane, svið, andasvið). En merkileg sönnun kemur fram í sílikum daemum fyrir því, að upplýsingarnar eru frá stjörnubúum, en ekki frá einhverju undirvitundarlagi þeirra, er ekki útta sig á því, sem stjörnubúar eru að freða þá um.

VIII.

I skáldsögu eftir Phillips Oppenheim, sem heitir „Getur þú fyrirgefið?“ og birtist í Morgbl. fyrir ekki alls löngu, er ung og mjög gáfuð stúlka að tala við visindamann, sem söguhöfundurinn lætur vera mjög framúrskarandi og nefnir Paule (Pol). — Stúlkan segir: „Jeg hjelt að þjer væruð einn af þeim.... er halda því fram, að við sjeum aðeins á dyraþrepinn til visindanna, og að nokkrar af stjörnunum sjeu bygðar mikil gáfaðri verum en við erum..... Það er ekki nokkur vafi um það mál“ — segir visindamaðurinn. — „Hvað það snertir, að stjörnurnar sjeu bygðar, þá er helmingur allra visindamanna sanufærður um það atriði. Því pá ekki hafa samband við þá“ (bannig) — segir stúlkan — „Það gætum við auðveldlega“, segir visindamaðurinn.

Petta skáldsögusamtal er eitt af hinum mörgu og eftirtektarverðu táknum tímanns. En því miður er þó áhugi visindamanna á lífinu á stjörnunum ekki mikill ennþá, einsog kemur fram í orðum þeim eftir Bertrand Russell sem jeg tilgreindi áðan, og einnig greinilega sýndi sig á aldarafræðishátið visindaframfjelagsins breska (British Association for the Advancement of science). Þar urðu miklar og merkilegar umræður um eðli heimsins, og tóku þátt í þeim ýmsir hinir helstu visindamenn. En aðeins

einn þeirra hjelt því fram, að á öðrum stjörnum mundu búa lifandi verur, og talaði um samband við þær. En enginn viðstaddir áleit þess vert að taka neitt undir það mál. Hefi jeg sagt nokkuð af þessu í grein, sem ekki er alveg óhugsandi að einhver lesenda minna kunní að muna eftir. Maður þessi, sem við alls engar undirtektir, talaði um lifið á stjörnum, var dr. Barnes, biskup i Birmingham. Og af úrklippu úr blaðinu „Daily Telegraph“ frá október síðastliðnum, sem Íslandsfræðingurinn Stefán Stefánsson hefir gefið mjer, sje jeg að hinn lærdi biskup hefir þó ekki látið mál þetta niður falla. Er þarna í blaðinu sagt frá erindi sem biskupinn hafði kyöldið áður flatt í háskólanum í Hull. Fyrirsagnir blaðsins eru þannig: — Higher beings on other planets. — May get in touch by wireless. — Bold theories of dr. Barnes: Æðri verur á öðrum jarðstjörnum. — Gæti verið að mætti fá samband við þær með þráðlausum skeytum. — Djarfar tilgátur dr. Barnes.

Aðalsetningin, sem höfð er eftir dr. Barnes, er á þessa leið: „Ef skynsemi gæddar verur og á framfarabraut eru til annars staðar í alheimi, þá er engin ástaða til að atla að ekki fáist fyr eða síðar samband við þær hjer á jörðu“. Sje þetta rjett haft eftir, þá hefir dr. Barnes þarna í Hull, þó að skoðanir þær sem hann ljet þar í ljósi, sjeu djarfar kallaðar, ekki verið nærri því eins djarfur og í afmælisræðu þeirri, sem jeg gat um áðan, því að þar hjelt hann því fram, og að vísu með rjettu, að skeytti frá verum á stjörnunum, væru altaf að koma hingað til jarðarinnar, en menn skildu það aðeins ekki. En jafnvel ekki í því erindi bólabið þó neitt á þeirri skoðun hjá biskupnum, að stjörnubúarnir, sem eru að leita sambands við jarðbúa, sjeu framliðnir af þessari jörð. Og sama er að segja um annan mjög merkan Englending Sir Francis Younghusband, herforingja og landfræðing, er hefir ritatð tvær mjög eftirtektarverð-

ar bækur um lifið á stjörnunum, Life in the Stars, 1927, og The living Universe (Hinn lifandi alheimur, eða líf í alheimi), 1933. Jeg hefi ekki í bókum þessum, sem annars hafa svo margt merkilegt að geyma, orðið var við neinn grun um það, að guðir, vættir, framliðnir, og aðrar verur trúarbragða og dulfræði, eru í raun rjettir hinir misskildu sbúar annara stjarna. Ekki einhver annar heimur, heldur þessi heimur er lífheimur, heimkynni lífsins, sviðið þar sem lifið á að ná fullkomnum. Skilningur á þessu er svo ársandi, að með honum mun hefjast nýtt timabil í sögu jarðarinnar og lífsins á jörðinni. Alheimsliffræðin verður að nokkrum leyti framliðsfræði, og þá fyrst þegar visindin hafa verið færð þannig út, munu þau geta orðið til þess að mannkynið nær þeim tökum á öflum tilverunnar sem nauðsynlegt er. Þá fyrst mun mannkynið í raun og sannleika verða ráðandi hjer á jörðinni, komast örugglega á framfaraleið og vinna það úrslita afreksverk sem það er, að sigra dauðann, þannig að í staðinn fyrir hrörun, kvöl og svívirðing, komi burtflutningur til fullkomnara lífs, þegar menn hafa náð þeim krafti, því viti og þeim góðleik sem þarf til að geta tekið þátt í því.

Nóv. jan.

Helgi Pjeturss.

Misprentast hafði fyrirsögnin að fyrri hluta ritgerðar þessarar, Framhaldslíf, fyrir Framliðsfræði.

H. P.

— Það eru myndarlegar systur, sem þú átt, þær Stína og Þóra. Hvora þeirra meturðu meira?

— Það þori jeg ekki að segja, því að þá verður Stína bálvond.

— Heldurðu að það sje satt að konur lifi lengur en karlmenn?

— Já, alveg áreiðanlega, sjerrastaklega ekkjurnar.